

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

1. Að bifreiðastæði við Hallgerðargötu næst Kirkjusandi verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
2. Að tvö bifreiðastæði við Gufunesveg 1 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
3. Að biðskylda af austari Kringlugötu inn á Miklubraut verði afnumin.
4. Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegna í Bolholti milli Skipholts og bifreiðastæða við Bolholt 6.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 250/2024. Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 18. mars 2026.

Skrifstofu stjórnarsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs,
Dagný Alma Jónasdóttir lögfræðingur.

B deild - Útgáfudagur: 7. apríl 2026